



Tegund eignar : Íbúð

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2024

Sundlaug : Í sameign

Garður : Í sameign

Eignin snýr : til austurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði
og garð

Bílastæði : Bílastæði í
byggðarkjarna

**Fermetra stærð
eignar :** 72,95 m²

Stærð verandar : 11,9 m²

Flugvöllur : 40 min

Strönd : 10 min

Borg : 5 min

Golf : 4 min

✓ Verönd

✓ Heimilistæki

✓ Húsgögn fylgja með

✓ Innbyggð loftkæling

Tilbúin til afhendingar!

Þessari glæsilegu 2 svefnherbergja, 2 baðherbergja og 72,95m² íbúð, fylgir jafnframt rúmgóð verönd. Hún er staðsett í einstöku hverfi, og í aflokaðri íbúðarþyrpingu þar sem hugað er að hverju smáatriði, með sameiginlegu sundlauga og garðsvæði. Í sama íbúðarkjarna eru í boði glæsilegar íbúðir með garði og íbúðir með þaksvölum og glæsilegu útsýni. Íbúðin skilast fullbúin með húsgögnum og heimilistækjum.

Í einungis 4 mínútna fjarlægð er 18 holu golfvöllurinn Villamartín, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagur litaða páfagaukana kvarka allan ársins hring. Golfvöllurinn sem að hverfið er jú nefnt eftir er inni í miðri íbúðarbyggð þar sem fagurgrænar golfbrautir og mikilfenglegt skólendi mynda einstakt umhverfi í göngufæri við nærliggjandi íbúðarkjarna og alla almenna þjónustu. Stutt er jafnframt að rölta til verslunarmiðstöðvarinnar Villamartin Plaza þar sem er að finna mikið úrval veitingastaða og bara, auk matvöruverslunarinnar svo eitthvað sé nefnt, eða innan við 5 mínútur.

Fyrir náttúru unnenndur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur sem landamerki upp við íbúðabyggð Villamartín hverfisins, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökufjarlægð að heiman. Og fyrir sólarunnenndur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökufjarlægð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!